

## Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki).

Flm.: Andrés Ingi Jónsson, Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir,  
Björn Leví Gunnarsson, Dagbjört Hákonardóttir, Gísli Rafn Ólafsson,  
Halldóra Mogensen, Hanna Katrín Friðriksson,  
Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996.

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- Í stað orðanna „föður- eða móðurnöfn“ í 1. mgr. kemur: foreldrisnöfn.
- Í stað orðanna „föður eða móður“ í 1. og 2. másl. 2. mgr. kemur: foreldris.
- Í stað orðsins „föður“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: foreldris.
- Í stað orðanna „afa síns“ í 4. másl. 2. mgr. kemur: foreldris foreldris síns.
3. mgr. orðast svo:

Foreldrisnöfn eru mynduð þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum og milli-nafni, ef því er að skipta, kemur nafn foreldris í eignarfalli með eða án viðbótarinnar son, dóttir eða bur.

- Orðin „hvort heldur er í karlegg eða kvenlegg“ í 5. mgr. falla brott.
- Í stað orðanna „föður eða móður“ í 6. mgr. kemur: foreldris.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019.

##### 2. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Til viðbótar er heimilt að gefa út aukavegabréf, sbr. c-lið 11. gr. laga nr. 136/1998, um vegabréf, til fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá. Í slíkum aukavegabréfum er heimilt, óháð skráningu kyns í þjóðskrá, að velja þá kynskráningu sem handhafi vegabréfsins kys.

##### 3. gr.

Í stað orðanna „einu sinni nema sérstakar ástæður séu til annars“ í 7. gr. laganna kemur: sé meira en eitt ár liðið frá síðustu breytingu.

### III. KAFLI

#### Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

##### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

- Við 1. tölul. bætist nýr stafliður, f-liður, svohljóðandi: Útgáfa vegabréfa til einstaklinga með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá fer skv. 4. tölul.

- b. 4. tölul. orðast svo: Fyrir útgáfu vegabréfa samkvæmt lögum um kynrænt sjálfræði:
  - a. Útgáfa vegabréfa vegna leiðréttingar á skráningu kyns skal vera gjaldfrjáls. Útgáfa vegabréfs vegna endurnýjunar skal fara eftir 1. tölul.
  - b. Útgáfa aukavegabréfs skv. 2. mgr. 6. gr. laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, skal vera gjaldfrjáls.
- c. Við 28. tölul. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Útgáfa ökuskírteinis vegna leiðréttingar á skráningu kyns skal vera gjaldfrjáls.

#### IV. KAFLI

#### **Breyting á lögum um nafnskírteini, nr. 55/2023.**

##### 5. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Útgáfa nafnskírteinis vegna leiðréttingar á skráningu kyns skal vera gjaldfrjáls.

##### 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. mars 2024.

#### Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til ferns konar breytingar til að bæta stöðu kvára og stálpa í samfélaginu. Verði frumvarpið að lögum verður fólki frjálst að velja endingu foreldrisnafns óháð opinberri kynskráningu. Þá verður öryggi fólks á ferðalögum aukið með því að heimila fólki með hlutlausu skráningu kyns að eiga aukavegabréf með annarri kynskráningu. Enn fremur er réttur fólks til að skilgreina kyn sitt styrktur með því að auðvelda skráningarferli fyrir þau sem kjósa að breyta skráningu kyns oftast en einu sinni. Að lokum er lagt til að ekkert gjald verði tekið vegna útgáfu aukavegabréfs eða endurnýjunar þeirra persónuskilríkja sem nauðsynleg eru vegna breyttrar kynskráningar.

Frumvarpið var lagt fram á 153. löggjafarþingi (289. mál) og er nú endurflutt með breytingum.

#### *Um einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að kynskráning hafi ekki áhrif á það hvers konar foreldrisnöfn fólki má velja sér. Með því er ætlunin að leiðrétta skekkju sem fylgdi samþykkt laga um kynrænt sjálfræði, vegna tveggja hliðstæðra en ólíkra breytinga á lögum um mannanöfn.

Annars vegar var fellt brott ákvæði 5. gr. mannanafnalaga sem kvað á um að stúlku skyldi gefa kvenmannsnafn og dreng karlmannsnafn. Samkvæmt greinargerð þótti eðlilegt í ljósi breyttra viðhorfa og efnis frumvarps um kynrænt sjálfræði að fella brott ákvæði sem byggðist alfarið á tvíhyggju um kyn.

Hins vegar bætist nýr málslíður við 8. gr. sem heimilar einstaklingum með hlutlausu kynskráningu í þjóðskrá að nota föður- eða móðurnafn, þ.e. nafn föður eða móður í eignarfalli án viðbótarinnar -son eða -dóttir eða með viðbótinni -bur. Sú breyting gagnast hins vegar aðeins þeim kynsegin einstaklingum sem velja að taka upp hlutlausu kynskráningu í þjóðskrá.

Af svörum dómsmálaráðherra (152. löggjafarþing, þskj. 932, 445. mál) og forsætisráðherra (152. löggjafarþing, þskj. 1203, 670. mál) að dæma telja stjórnvöld hér ekki vera um vandamál að ræða, en raunin er önnur sé leitað beint til kynsegin fólks. Þannig kemur fram í nýlegri rannsókn sem unnin var fyrir Kvenréttindafélag Íslands að mörg kvár veigra sér við

að breyta kynskráningu sinni af ótta við mismunun eða skrifræðislegar hindranir.<sup>1</sup> Hlutlaus skráning kyns getur líka skapað hindranir í stjórnsýslu heilbrigðiskerfisins, en það styðst við skráningu kyns í þjóðskrá og boðar t.d. ekki kvár með leg í leghálskrabbameinsskimanir eða kvár með blöðruháls í blöðruhálskrabbameinsskimanir. Breytt kynskráning getur einnig haft ófyrirséðar afleiðingar þar sem nokkurt bakslag hefur orðið í baráttu hinsegin fólks bæði héraendis og erlendis og fólk óttast hvað framtíðin kunni að bera í skauti sér.

Það orkar tvímælis að á sama tíma og krafa um kynjaskipt eiginnöfn var fjarlægð úr mannanafnalögum hafi slíkt hið sama ekki verið gert gagnvart foreldrisnöfnum. Núverandi fyrirkomulag stendur í vegi fyrir því að hluti kynsegin fólks geti að fullu nýtt rétt sinn til að breyta nafni sínu. Þetta stangast á við það markmið laga um kynrænt sjálfræði að tryggt sé að kynvitund fólks njóti viðurkenningar, enda er rétturinn til nafns stór þáttur í rétti fólks til að skilgreina kyn sitt. Því er hér lagt til að allar útgáfur foreldrisnafna sem gildandi lög heimila standi einstaklingum til boða óháð kynskráningu viðkomandi.

Meginbreytingin felst í e-lið 1. gr. en aðrir staflíðir snúa að lagfæringum sem leiða af þeirri breytingu.

#### Um 2. gr.

Mörg kvár veigra sér við að leiðrétta skráningu kyns í þjóðskrá. Þetta er verulega bagalegt því að mikilvægt er að greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni til að rannsaka og koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns, sbr. markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Fyrirgreind rannsókn Kvenréttindafélags Íslands bendir til þess að ein helsta ástæða þess að kynsegin einstaklingar leiðrétta ekki skráningu kyns sé vegna þess að henni fylgir jafnframt skráning í ferðaskilríki.

Víða er réttindabarátta hinsegin fólks komin mun skemur á veg en héraendis. Hlutlaus skráning kyns í vegabréf kann því að verða einstaklingum til trafala á ferðalögum erlendis og jafnvel hættuleg. Það er því mikilvægt öryggisatriði fyrir einstaklinga með hlutlaus skráningu kyns að vera ekki bundnir ferðaskilríki sem kveður á um hinseginleika þeirra. Dæmi eru um að hlutlaus skráning kyns hafi fengið óæskilega athygli í landamæraeftirliti og öryggisleit og skapað vandamál við bókun flugmiða. Samkvæmt vegabréfastöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er kyn vegabréfshafa meðal þess sem skrá ber í vegabréf. Það gæti því reynst erfitt fyrir íslensk stjórnvöld að afleggja slíka skráningu einhliða í íslenskum vegabréfum.

Því er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að heimilt sé að gefa út aukavegabréf til fólks sem hefur ástæðu til að óttast að kynhlutlaus skráning í vegabréfi verði því til ama á ferðalögum. Fyrir eru dæmi í lögum um heimild til útgáfu aukavegabréfa, en samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá voru um 1.000 beiðnir um aukavegabréf afgreiddar árin 2015–2022. Langalgengasta ástæðan er vegna atvinnu og er það yfirleitt vegna tíðra ferða til landa sem krefjast vegabréfsáritana.

Með því að heimila útgáfu aukavegabréfa geta stjórnvöld með einföldum hætti unnið að auknu öryggi kynsegin einstaklinga. Svo virðist sem ekki hafi verið hugsað fyrir þessum veruleika þegar lög um kynrænt sjálfræði voru sett. Markmið þessa frumvarps er að bæta úr því og bregðast þannig við ákalli þeirra einstaklinga sem lögum um kynrænt sjálfræði var ætlað að standa vörð um.

<sup>1</sup> Birta Ósk. „Að vera kvár á Íslandi. Hvað felst í kynjajafnrétti fyrir kvár?“ *Kvenréttindafélag Íslands*, september 2022.

## Um 3. gr.

Hér er lagt til að auðvelda skráningarferli fyrir þau sem kjósa að breyta skráningu kyns oftar en einu sinni. Í gildandi lögum skal breyting á skráningu kyns einungis heimiluð einu sinni nema sérstakar ástæður séu til annars, en lagt er til að í staðinn verði einföld tímamörk þannig að heimilt sé að breyta skráningu kyns sé meira en eitt ár liðið frá síðustu breytingu.

## Um 4. og 5. gr.

Í 4. og 5. gr. er lagt til að í lögum um aukatekjur ríkissjóðs og lögum um nafnskírteini sé tekið fram að ekkert gjald skuli innheimta vegna útgáfu þeirra aukavegabréfa sem fjallað er um í 2. gr. frumvarpsins, né heldur vegna annarra opinberra persónuskilríkja sem endurnýja þarf þegar einstaklingur leiðréttir kynskráningu sína í þjóðskrá.

## Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.